

Úttekt á Leikskólanum í Stykkishólmi 2011

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Lilja Sigurðardóttir og Agnes Braga Bergsdóttir

© Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011

Efnisyfirlit

Samantekt um helstu niðurstöður.....	4
1. Inngangur.....	6
1.1. Framkvæmd og aðferðafræði úttektar.....	6
2. Leikskólinn og umhverfi hans.....	7
2.1. Nemendur.....	7
2.2. Starfsfólk.....	7
2.3. Starfsgrundvöllur og stefna.....	8
2.4. Ytri aðbúnaður.....	9
2.5. Útisvæði.....	9
2.6. Slysavarnir og viðbragðsáætlanir.....	10
2.7. Matur og næring.....	10
2.8. Hvíld barna.....	10
2.9. Hreinlæti og smitgát.....	11
2.10. Mat úttektaraðila.....	11
3. Breyttar ytri aðstæður frá 2008.....	13
3.1. Innleiðing nýrra leikskólalaga.....	13
3.2. Breytt efnahagsástand.....	14
3.3. Mat úttektaraðila.....	14
4. Skólanámskrá.....	16
4.1. Mat úttektaraðila.....	16
5. Stjórnun og rekstur.....	18
5.1. Skipting ábyrgðar.....	18
5.2. Símenntun starfsfólks.....	18
5.3. Þjálfun og kynning nýrra starfsmanna.....	19
5.4. Verkferlar.....	19
5.5. Þáttur barna og foreldra í ákvörðunum skólans.....	19
5.6. Fjármál og rekstur.....	20
5.7. Lögbundin gögn skólans.....	20
5.8. Mat úttektaraðila.....	20
6. Uppeldi, menntun og umönnun.....	22
6.1. Leikföng og efniviður.....	22
6.2. Náms svið gildandi aðalnámskrár.....	22
6.3. Lýðræðisþjálfun.....	24
6.4. Sýn barnanna á uppeldisstarfið.....	24
6.5. Þróunarverkefni.....	24
6.6. Mat úttektaraðila.....	25
7. Skólabragur og samskipti.....	26
7.1. Starfsandi.....	26
7.2. Samskipti og viðmót.....	26
7.3. Jafnrétti.....	26
7.4. Mat úttektaraðila.....	27
8. Innra mat.....	28
8.1. Staða innra mats í leikskólanum.....	28
8.2. Áætlun um innra mat.....	29

8.3.	Mat úttektaraðila	30
9.	Foreldrasamstarf	31
9.1.	Viðtöl og fundir	31
9.2.	Foreldrafélag	31
9.3.	Áhrif foreldra á skólastarfið	31
9.4.	Mat úttektaraðila	32
10.	Upplýsingamiðlun	33
10.1.	Vefsíður leikskólans	33
10.2.	Mat úttektaraðila	33
11.	Ytri tengsl	34
11.1.	Samstarf skólastiga	34
11.2.	Önnur samvinna	34
11.3.	Mat úttektaraðila	34
12.	Sérfræðiþjónusta sveitarfélags	35
12.1.	Mat úttektaraðila	36
13.	Niðurstöður	37
13.1.	Helstu styrkleikar skólans	38
13.2.	Helstu veikleikar skólans	39
13.3.	Um samstarf við leikskólann	40
14.	Tillögur til úrbóta	41
14.1.	Tillögur til úrbóta á aðkomu Stykkishólmsbæjar	41
14.2.	Tillögur til úrbóta á starfi skólans	42
14.3.	Minniháttar ábendingar	42
	Lokaorð	43
	Heimildaskrá	44

Samantekt um helstu niðurstöður

Að lokinni könnun úttektaraðila á Leikskólanum í Stykkishólmi og aðstæðum hans má fullyrða að börnunum sem þar dvelja sé búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði líkt og lög um leikskóla nr. 90/2008 kveða á um.

Skólinn virðist nokkurs konar óskabarn Stykkishólms og nýtur virðingar og vinsemdar hagsmunaaðila, grenndarsamfélags og atvinnulífs, skólinn kynnir starfsemi sína vel fyrir foreldrum og nærsamfélagi og notar til þess fjölbreyttar leiðir.

Leikskólinn er í góðu húsnaði, er afar vel búinn og mjög rúmt er um alla starfsemi. Þjónusta leikskólans við foreldra virðist vera til fyrirmyndar og sátt ríkir milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins.

Skólinn býr að miklum menningarlegum verðmætum sem felast í arfleifð St.Franciskussystra sem ráku leikskólann til langs tíma og er sá menningararfur ein sterkasta stoð skólans ásamt umhverfisstefnunni en árangur leikskólans á sviði umhverfismenntunar er eftirtektarverður.

Samskipti starfsfólks við börnin í Leikskólanum á Stykkishólmi eru falleg og skólabragur er jákvæður. Starfshættir skólans og skólabragur mótast af kærleika til barna og virðingu fyrir manngildi barna, foreldra og starfsfólks. Stjórnskipulag skólans hentar stærð hans og verkefnum ágætlega og verkaskipting við stjórnun skólans er skýr en skerpa þarf á hlutverki foreldraráðs í stjórnskipun hans.

Leikskólinn í Stykkishólmi er um það bil miðja vega á vegferð sinni að innleiðingu nýrra laga um leikskóla nr. 90/2008. Þetta er einkum bagalegt hvað varðar ákvæði laganna um innra mat, en í leikskólanum liggur ekkert mat fyrir sem veitir nægjanlegar upplýsingar um styrkleika og veikleika leikskólastarfsins þar sem leikskólinn hefur ekki staðið fyrir formlegu og reglubundnu innra mati. Úttektaraðilar benda á að rekstraraðili er hér að nokkru ábyrgur þar sem sveitarfélagið hefur hvorki gert kröfu um innra mat, né fylgt gerð þess eftir.

Skólanámskrá leikskólans er úrelt þar sem hún hefur ekki verið endurnýjuð frá því fyrir setningu nýrra leikskólalaga árið 2008. Úttektaraðilar benda á að námskrána þurfi að uppfæra og endurskoða með tilliti til gildandi leikskólalaga og nýrrar aðalnámskrár. Sveitarfélagið

hefur ekki fylgt því eftir að skólanámskrá leikskólans sé uppfærð reglulega né staðfest hana með formlegum hætti og þarf úrbætur þar á.

Úttektaraðilar benda einnig á að æskilegt væri að skólinn mótaði sér sýn á jafnréttismál kynjanna í ljósi þess að mjög ójafnt kynjahlutfall nemenda er í leikskólanum þar sem stúlkubörn eru umtalsvert færri og skipting í vinnuhópa því vandasöm ef tryggja á öllum börnum leik og samskipti við jafningja.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags virðist standa vel að öllum verkferlum og þjónustu varðandi málefni barna sem þurfa á sérþjónustu eða greiningu að halda og aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

Á heildina er um metnaðarfullt og ábyrgt starf að ræða í Leikskólanum í Stykkishólmi. Annmarkar á formfestu við stjórnskipan skólans og eftirlits með innra starfinu virðast ekki hafa komið niður á því en geta skoðast sem sóknarfæri til þess að bæta um betur.

1. Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á Leikskólanum í Stykkishólmi. Úttektin var gerð samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis á grundvelli 20.gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi leikskólans og ganga úr skugga um hvort skólinn uppfylli gildandi lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Bryndísi Elfu Valdemarsdóttur, Lilju Sigurðardóttur og Agnesi Brögu Bergsdóttur að framkvæma úttektina á starfi leikskólans.

1.1. Framkvæmd og aðferðafræði úttektar

Úttektin fór fram á haustmánuðum 2011 og var leikskólinn heimsóttur og vettvangsathuganir gerðar til gagnaöflunar. Tekin voru viðtöl við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, formann skólanefndar Stykkishólms og formann foreldraráðs. Hópviðtöl voru tekin við starfsfólk, börn og foreldra og fóru þau fram í leikskólanum. Viðtölin voru opin og óstöðluð en tóku mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytis beindist að og var tilgangur þeirra að fá fram sýn sem flestra hagsmunaaðila á starf skólans. Húsnæði leikskólans, búnaður og leiksvæði voru yfirfarin með hliðsjón af reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, Öryggisvísi leiksvæða frá Umhverfisstofnun, handbók um rekstrarskoðun leiksvæða frá Umhverfisstofnun og reglugerð um öryggi leikvallatakja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002. Rýnt var í tölulegar upplýsingar og opinber gögn leikskólans til að ganga úr skugga um að þau uppfylltu gildandi lög og reglugerðir.

2. Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn í Stykkishólmi er eini leikskóli sveitarfélagsins og er hann staðsettur við Búðarnesveg. Skólinn stendur í útjaðri bæjarins og nýtur góðs af náttúrulegu umhverfi og nálægð við atvinnulíf og búskap. Leikskólinn á sér ríka og merkilega sögu en St. Franciskussysturnar sem ráku spítalann í Stykkishólmi settu hann fyrst á fót sem sumardvalarskóla árið 1940. Stykkishólmsbær tók yfir reksturinn 1997 en ennþá eimir eftir af áhrifum systranna í menningu og hefðum skólans.

2.1. Nemendur

Nemendur leikskólans eru 59 talsins á haustönn 2011, 25 stúlkur og 34 drengir. Börn með annað móðurmál en íslensku eru tólf talsins og börn sem njóta sérkennslu eru tvö.

Skólanum er skipt upp í þrjár nokkurn veginn aldurskiptar deildir og skiptast börnin á deildirnar sem hér segir:

Vík	Nes	Ás
15 börn 1 árs	18 börn 2-4 ára	24 börn 4-5 ára

Leikskólinn býður upp á fjölbreytta dvalartíma og er sveigjanleiki í komu og brottfarartímum mikill. Til dæmis stendur til boða að byrja leikskólalag barnanna klukkan 10 að morgni. Dvalartími barnanna skiptist sem hér segir:

4 – 4,5 tíma dvöl:	6 börn	7 - 7,5 tíma dvöl:	4 börn
5 – 5,5 tíma dvöl:	2 börn	8 - 8,5 tíma dvöl:	34 börn
6 – 6,5 tíma dvöl:	9 börn	9 - 9,5 tíma dvöl:	4 börn

2.2. Starfsfólk

Starfsmenn leikskólans eru 20 talsins í 16,63 stöðugildum. Þar af er ræstingamanneskja í 100% starfshlutfalli og matráður í 100% starfi. Einn starfsmaður er á örorkusamning í 50% vinnu og er það starf utan stöðugilda. Af þeim 17 starfsmönnum sem vinna beint með börnum eru fimm leikskólakennarar og einn starfsmaður með B.A. próf í sálfræði. Leikskólinn nær

ekki að uppfylla skyldu laga nr. 87/2008 þar sem kveðið er á um að starfsfólk leikskóla skuli að tveimur þriðju vera leikskólakennarar og nýtir sér því undanþáguákvæði 17. greinar laganna. Hins vegar er skólinn sambærilegur við landsmeðaltal (Hagstofa Íslands, 2010) hvað fagmönnum varðar en um þriðjungur stöðugilda sem sinnir uppeldisstarfinu beint tilheyrir fagfólki.

Eingöngu konur starfa við leikskólann og eru margar þeirra með langan starfsaldur. Starfsmannavelta er lítil. Einn starfsmaður af erlendum uppruna starfar við leikskólann.

2.3. Starfsgrundvöllur og stefna

Leikskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á skapandi starf og umhverfismennt. Einkenni skapandi starfs má sjá víða í leikskólastarfinu. Til dæmis er stór hluti leikefnis barnanna svokallað opið leikefni sem býður upp á fjölbreyttan leik og margar lausnir og sérstök áhersla er á listgreinar og þá einkum tónlist sem skipar stóran sess í leikskólalífinu.

Umhverfismennt er einnig áberandi í starfinu og hefur leikskólinn náð árangri á því sviði. Árið 2007 veitti Landvernd leikskólanum Grænfanann og aftur árið 2010. Skólinn á sér umhverfissáttmála sem hangir vel sýnilegur á veggjum og hefur að auki lagt upp umhverfismarkmið til ársins 2012 um pappírsnýtingu, sorpflokkun, matjurtarækt og ábyrga nýtingu vatns, rafmagns og umhverfis skólans. Skólinn byggir umhverfismenntina á hugmyndum um sjálfbærni og eru þær hugmyndir samþættar daglegu starfi leikskólans. Allir vatnskranar hússins eru merktir með hvatningu til þess að spara vatnið og á sama hátt eru allir ljósrofar merktir með hvatningu um að nota ekki ljósin að óþörfu. Allur úrgangur frá skólanum er flokkaður til endurvinnslu. Leikskólinn þrífst í takti við nærumhverfi sitt og eru skógurinn, hesthúsin, fjaran og móinn nýtt í hópastarfi barnanna.

Samkvæmt skólanámskrá eru helstu fræðilegar stoðir leikskólans umhverfisstefnan, forvarnarstefna Stykkishólms, sem leikskólinn tók þátt í að móta og aðalnámskrá leikskóla. Leikurinn er í hávegum hafður, hann er skilgreindur sem aðalnámsleið barnsins og eru honum búin skilyrði með margbreytilegum opnum efnivið. Hlutverk leikskólakennarans er skilgreint í skólanámskránni og felst það einkum í örvun leiksins og þátttöku í honum á forsendum barnanna.

Stykkishólmur leggur ríka áherslu á umhverfismál og hefur sveitarfélagið í heild umhverfissvottun. Stefna leikskólans er í samhljómi við þessa stefnu sveitarfélagsins og er Grænfanavottun leikskólans þar mikilvægur liður. Stykkishólmsbær á sér einnig forvarnarstefnu og er forvarnarstefna leikskólans hluti af henni.

2.4. Ytri aðbúnaður

Leikskólinn í Stykkishólmi flutti í nýtt húsnæði 2007. Húsnæði skólans er ætlað að rúma 75 börn en eins og áður kemur fram dvelja þar aðeins 59 börn um þessar mundir. Skólinn er því ekki fullsetinn og þar af leiðandi afar rúmt um starfið. Húsnæði Leikskólans í Stykkishólmi uppfyllir ákvæði 5. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla sem kveður á um þá lágmarksaðstöðu sem vera skal fyrir hendi.

Á eldri deildunum, Ási og Nesi, er aðgengi barna að hólfum í fataklefa gott, vinnuaðstaða kennara er góð og þar er einnig góð þurrkaðstaða. Inni á salernum deildanna er aðgengi barna að vöskum og salerni gott, sem og vinnuaðstaða starfsfólks. Í rými deildanna sjálfra er gott aðgengi barna að leikefni en boðið er upp á bæði opið leikefni svo og leikföng. Hvíldaraðstaða barna er mjög góð á báðum deildum. Húsbúnaður barna og vinnuaðstaða kennara er mjög góð á báðum deildum og erfitt á sjá að nokkuð megi bæta í þeim eignum fyrir utan að vinnustólar á hjólum kæmu sér vel. Inni á báðum deildum eru óvarðir miðstöðvarofnar sem skýtur skökku við þar sem flestir ofnar eru varðir. Einnig er óvarinn miðstöðvarofn á kubbavæði sem tengist Ási.

Fataklefi barna á yngstu deildinni, Vík, býður upp á góða vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk og góða þurrkaðstöðu. Á salernum inni á deildinni er góð vinnuaðstaða fyrir starfsfólk og gott aðgengi fyrir börn að salernum og vöskum. Þar eru ekki skilrúm milli salerna. Aðgengi barna að leikefni á deildinni er gott en leikefnið er bæði opið og lokað í formi leikfanga. Hvíldaraðstaða barna er mjög góð og sömu sögu er að segja um vinnuaðstöðu starfsfólks og húsbúnað barnanna. Á Vík er einn óvarinn miðstöðvarofn.

Leikskólinn er árlega skoðaður af vinnueftirliti, heilbrigðiseftirliti og brunavörnum. Skólinn hefur staðist skoðanir þessara aðila án athugasemda.

2.5. Útisvæði

Leiksvæði leikskólans er að mestu leyti í fínu ásigkomulagi og snyrtilegt enda nýlegt, aðeins tæpra 5 ára. Lóðinni er skipt upp í tvö svæði, fyrir eldri börn annars vegar og yngri börn hins vegar. Gróf sjávarmöl eða fjörusteinar þekja góðan part leiksvæðisins sem virðist koma ágætlega út fyrir utan að í viðtölum við starfsfólk kom fram að yngstu börnin eigi sum hver erfitt með að ganga á þessu undirlagi. Einnig vill bregða við að mölin leiti upp á göngustíga og getur þar valdið slysum. Rólur eru í flestum tilfellum í góðu standi, nema rólur á svæði yngstu barnanna, en þar ber á ryði og sprungum í sætum. Kastali og kofar á svæðinu eru í góðu ástandi. Þrjú sandkassasvæði eru á leikskólalóðinni, eitt á svæði yngri barnanna og tvö á

svæði eldri barnanna. Annað sandkassasvæði eldri barnanna er óvarið yfir nóttina en að sögn starfsfólks er töluvert um ketti í bænum. Leiksvæðin eru ekki yfirfarin áður en börnin fara út en skólinn er ekki í alfaraleið og svæðið lítið notað utan opnunartíma, svo að þörf á slíku eftirliti hefur virst lítil. Ljósastaurar á leiksvæðinu eru ómálaðir en venja er að mála allan málm á leiksvæðum til frostvarna. Vegna hönnunar útisvæðisins er auðvelt fyrir börnin að leika sér bak við hús og komast þannig úr auglýsing kennara. Engin merking er á skólanum, hvorki á húsinu né í grennd við skólann. Útisvæði er árlega skoðað af heilbrigðiseftirliti og hefur staðist þá skoðun en rekstrarskoðun rekstraraðila, í þessu tilviki Stykkishólmsbæjar, líkt og reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 kveður á um, hefur ekki farið reglulega fram.

2.6. Slysavarnir og viðbragðsáætlanir

Viðbragðsáætlanir vegna slysa á börnum eru til staðar og er verklag þar að lútandi skýrt. Allt starfsfólk fer á skyndihjálparnámskeið annað hvert ár og sjúkrakassi er til staðar á augljósum stað. Skólinn býr einnig að viðbragðsáætlun vegna influensu sem má grípa til ef þurfa þykir. Rýmingaráætlun vegna bruna eða hættuástands er fyrir hendi en rýmingaræfingar hafa ekki verið haldnar.

2.7. Matur og næring

Í Leikskólanum í Stykkishólmi er fullbúið stofnanaeldhús og allur maturinn er eldaður í leikskólanum og að stórum hluta unninn frá grunni. Máltíðir dagsins eru morgunverður, ávaxtahressing á miðjum morgni, hádegisverður og síðdegiskaffi. Fiskur er á boðstólum tvisvar í viku, kjötmeti einu sinni til tvisvar í viku og spónamatur, grænmetisréttir eða pasta aðra daga. Börnin fá lýsi í leikskólanum. Matseðill skólans miðast við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar og að auki hefur skólinn fengið næringarfræðing til að yfirfara matseðilinn.

Almenn ánægja virðist ríkja með matinn meðal foreldra sem segja hann hefðbundinn íslenskan mat sem falli vel í kramið hjá börnunum og er það samdóma álit starfsfólks sem segir börnin borða vel.

2.8. Hvíld barna

Öll börnin fá hvíld í leikskólanum. Hvíldin fer fram að loknum hádegisverði og á eldri deildunum er áherslan lögð á slökun en þau yngri sofa. Lengd hvíldar og svefntíma er í samráði við foreldra.

2.9. Hreinlæti og smitgát

Leikskólinn er afar snyrtilegur og börnin hrein. Öll hefðbundin venja er á handþvotti barnanna svo og bleyjuskiptum litlu barnanna. Þrif fara fram á opnunartíma skólans og er allur skólinn þrifinn einu sinni á dag en að auki eru mataraðstaða, fataklefar og salerni barna yfirfarin og snyrt eftir þörfum. Tauhandklæðum sem notuð eru í stað pappírspurrkna er skipt út þrisvar sinnum á dag.

2.10. Mat úttektaraðila

-Árangur leikskólans á sviði umhverfismenntunar er eftirtektarverður. Hugmyndir um sjálfbærni eru samþættar daglegu starfi með því áreynsluleysi sem eingöngu kemur af langri reynslu. Á ýmsan hátt má vel merkja í húsi leikskólans og starfi hve mikil virðing er borin fyrir hagnýtingu auðlinda og skólinn ber yfirbragð nýtni og ráðdeildar. Stefna leikskólans rímar vel við umhverfisstefnu sveitarfélagsins og er Grænfánavottun leikskólans þar mikilvægur liður.

-Skólinn býr að miklum menningarlegum verðmætum sem felast í arfleifð St.Franciskussystra sem stofnuðu og ráku leikskólann til langs tíma. Skólinn sýnir þessum menningararfi mikla virðingu og nýtir hann starfinu til góðs.

-Leikskólinn í Stykkishólmi er vel hýstur og einkar vel búinn og rúmt um alla starfsemi.

-Skólinn er ómerktur að utan.

-Viðbragðsáætlanir eru fyrir hendi en skólinn hefur ekki staðið fyrir rýmingaræfingum með börnunum.

-Leikskólinn er afar vel mannaður og er það vel þar sem hátt hlutfall mjög ungra barna dvelur þar.

-Óvarðir miðstöðvarofnar eru á öllum deildum svo og á kubbasvæði barna sem tengist Ási.

-Á yngstu deildinni, Vík, eru ekki skilrúm milli salerna og því spurning hvort einkalíf barnanna sé skert þar sem salernin standa hlið við hlið.

- Gæta þarf að því að fylgjast sérstaklega með svæðum í garðinum sem eru úr augsýn kennara á útileiktíma og einnig þarf að gæta að því að stéttir séu vel sópaðar og hreinsaðar af mól sem vill leita upp á þær.

- Ryð og sprungur eru í sætum á rólum á svæði yngstu barnanna og ómálaðir staurar eru á leiksvæðinu.

-Stykkishólmsbær hefur ekki staðið fyrir reglulegri rekstrarskoðun á útileiksvæði leikskólans, líkt og Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 kveður á um.

- Börnunum í Leikskólanum í Stykkishólmi er búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði líkt og lög um leikskóla nr. 90/2008 kveða á um.

3. Breyttar ytri aðstæður frá 2008

Árið 2008 urðu tvær breytingar á ytri aðstæðum íslenskra leikskóla. Annars vegar var um að ræða gildistöku nýrra laga um leikskóla en það eru lög nr. 90/2008 sem oft er vitnað til í þessari skýrslu og hins vegar var um að ræða bankahrunið svokallaða með tilheyrandi breytingum á efnahagslífi landsins.

3.1. Innleiðing nýrra leikskólalaga

Leikskólinn í Stykkishólmi er nokkuð á veg kominn með að innleiða ný lög um leikskóla frá 2008. Sumar nýjungarnar úr lögunum hafa verið innleiddar í starfsemi og rekstur leikskólans svo sem upplýsingaöflun úr sakaskrá (6. gr.), þagnarskylda (8. gr.) og símenntunaráætlun (7. gr.). Að auki eru skólastjórnendur meðvitaðir um að foreldrar af erlendum uppruna eða sem hafa táknið að móðurmáli eigi rétt á túlkþjónustu (9. gr.) og að skólastjóri sé ábyrgur fyrir því að nauðsynlegar upplýsingar um hvert barn fylgi því yfir á grunnskólastig (16. gr.). Við leikskólann er starfandi foreldraráð (11. gr.). Í því sitja sömu foreldrar og í stjórn foreldrafélagsins, fyrir því fékkst undanþága við fyrirspurn til ráðuneytisins. Foreldraráð fær skóladagatal til umsagnar og námskrá hefur verið rædd á fundum.

Önnur ákvæði laganna eru skemmra á veg komin í framkvæmd til dæmis ákvæði 14. greinar laganna. Skólanámskrá er fyrir hendi en er úrelt, líkt og vikið er að síðar, þar sem hún hefur ekki verið endurskoðuð frá fyrstu útgáfu. Þess má geta að hafin er vinna við endurskoðun skólanámskrár á grundvelli nýrrar Aðalnámskrár leikskóla frá 2011. Skólanámskrá hefur verið kynnt foreldraráði og skólanefnd en er ekki staðfest formlega af skólanefndinni líkt og lögin kveða á um. Starfsáætlun er ekki fyrir hendi en skólinn hefur notast við skóladagatal til yfirlits fyrir starf vetrarins og einnig býr skólinn að samstarfsáætlun við aðra skóla í Stykkishólmi. Þetta tvennt má kalla vísi að starfsáætlun. Leikskólinn hefur heldur ekki formgert innra mat samkvæmt grein nr. 18 í lögunum, þó svo að skólinn hafi staðið að ýmiskonar mati sem flokkast mun undir innra mat, en nánar er fjallað um þennan þátt í kafla um innra mat.

Þær breytingar á lögunum sem snúa að sveitarfélaginu, sem helstar eru í greinum nr. 4, nr. 16 og nr. 19, hefur gengið misvel að festa í sessi. Sá þáttur sem nefndur er í 4. grein um ábyrgð sveitarfélags á mati og eftirliti er stutt á veg kominn og er fjallað nánar um hann í kafla um innra mat. Í sveitarfélaginu er ekki biðlisti eftir leikskólaplássum og sveitarfélagið hefur haft

forgöngu um að byggja nýtt húsnæði sem tekið var í notkun árið 2007, þ.e. áður en ný lög voru innleidd. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga er það stjórnvald sem þjónustar leikskólann af hálfu sveitarfélagsins, en sú þjónusta er samanlögð frá Stykkishólmi og Snæfellsbæ og þjónar báðum sveitarfélögum. Þar eru sex starfsmenn, forstöðumaður, ráðgjafi, kennslu- og námsráðgjafi, tveir sálfræðingar og þroskaþjálfari. Skólanefnd fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar og sitja leikskólastjóri, fulltrúi leikskólakennara og fulltrúi foreldra fundi nefndarinnar.

Í 16. grein er kveðið á um tengsl grunn- og leikskóla og er skýrt kveðið á um það samstarf í skólanámskránni frá 2008. Samstarfið hefur einnig verið að hluta til formgert í skólanefnd þar sem komið hefur verið á tveimur sameiginlegum starfsdögum.

Ný lög hafa ekki leitt til breytinga á kostnaði í rekstri leikskólans en í kjölfar þeirra er öðruvísi hugsað um niðurröðun í húsið með tilliti til aldursdreifingar barna og samsetningar starfsmannahóps.

3.2. Breytt efnahagsástand

Litlar hagræðingaraðgerðir hafa átt sér stað af hálfu sveitarfélagsins gagnvart leikskólanum. Yfirvinna hefur ekki verið afnumin en hún er í lágmarki. Búið er að stytta dvalatíma barnanna um fimm mínútur að morgni. Starfsmenn hliðra til varðandi vinnutíma frekar en að kalla til yfirvinnu. Aðspurðir hafa foreldrar í rýnihópi ekki orðið varir við niðurskurð vegna efnahagsbreytingarinnar.

3.3. Mat úttektaraðila

-Leikskólinn í Stykkishólmi er um það bil miðja vega á vegferð sinni að innleiðingu nýrra laga um leikskóla nr. 90/2008.

-Ekki hefur verið gætt nægilega mikið að ábyrgð sveitarfélagsins í rekstri leikskólans eftir breyttar ytri aðstæður með nýjum lögum árið 2008. Sveitarfélagið hefur ekki fylgt því eftir að skólanámskrá leikskólans sé uppfærð reglulega né staðfest hana með formlegum hætti.

-Leikskólastjóri þarf meiri leiðbeiningar varðandi ytra starf og það er hlutverk sveitarstjórnar að veita þær með skýrum ramma og aðgerðum sem þó taka tillit til sjálfstæðis skólans sem ber að viðhalda.

-Samstarf grunn- og leikskólans mætti formgera með endurskoðun skólanámskrár og byggja á þeirri nýjungagirni sem þar hefur gætt.

- Sveigjanleiki í starfmannahópnum skapar mótvægi við hagræðingaraðgerðir sem annars þyrfti að grípa til. Starfsmenn hliðra til varðandi vinnutíma frekar en að kalla til yfirvinnu sem gefur sveitarstjórn ekki raunverulega mynd af þörf á vinnuafli en sýnir á sama tíma samfélagslega ábyrgð, jákvætt andrúmsloft og samstöðu í starfsmannahópnum.

4. Skólanámskrá

Skólanámskrá Leikskólans í Stykkishólmi hefur ekki verið endurskoðuð frá fyrstu útgáfu hennar í mars árið 2008 og tekur hún mið af Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 og eldri lögum því gildandi lög um leikskóla tóku gildi í júní sama ár.

Þrátt fyrir að skólanámskráin hafi ekki verið endurskoðuð hefur áherslum sveitarfélagsins um forvarnir og umhverfisvernd sem sveitarfélagið setti sér í skólastefnu 2008 verið bætt inn í skólanámskrána. Stefna leikskólans kemur fram með skýrum hætti í skólanámskránni, það er að segja umhverfisstefna skólans, forvarnarstefna og nálgun skólans við leikinn.

Námssvið samkvæmt aðalnámskrá eru vel útlistuð með markmiðum og leiðum, en þess ber að geta að miðað er við fyrri aðalnámskrá þar sem skólanámskráin í heild er frá árinu 2008. Því samræmist stefna leikskólans, eins og hún kemur fram í skólanámskrá, ekki fyllilega ákvæðum nýrrar aðalnámskrár og má þar einkum finna að því að námskráin tekur ekki tillit til grunnþátta menntunar og samþættingu þeirra í leikskólastarfið líkt og gert er ráð fyrir í 2. kafla gildandi aðalnámskrár.

Í skólanámskránni kemur fram að starfsmenn taki virkan þátt í mótun umhverfisstefnu leikskólans og séu ábyrgir fyrir að framfylgja henni. Einnig eru þar útlistaðar leiðir starfsfólks til þess að hafa áhrif á stefnu og starfssemi skólans og boðleiðir skýrðar. Tengslum skólans við nærsamfélagið eru einnig gerð skil í námskránni svo og áætlun um mat á skólastarfinu þó henni sé ábótavant líkt og vikið verður að í kafla um innra mat.

Þess má að lokum geta að hafin er vinna við endurskoðun skólanámskrár Leikskólans í Stykkishólmi á grundvelli nýrrar Aðalnámskrár leikskóla frá 2011.

4.1. Mat úttektaraðila

-Skólanámskrá Leikskólans í Stykkishólmi er úrelt og hefur ekki verið endurskoðuð með tilliti til laga um leikskóla nr. 90 sem tóku gildi árið 2008. Skólanámskráin tekur því ekki heldur mið af nýrri aðalnámskrá leikskóla.

-Áherslur sveitarfélagsins um forvarnir og umhverfisvernd koma fram með skýrum hætti í skólanámskránni, en skólastefna Stykkishólms ber þess merki að sveitarfélagið hafi ekki markað sér heildarstefnu í skólamálu.

-Kafli skólanámskrár um innra mat er ábótavant, einkum í ljósi nýrrar aðalnámskrár leikskóla þar sem mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð í innra mati.

5. Stjórnun og rekstur

Stjórnskipulag leikskólans er línulegt og hefðbundið. Leikskólastjóri fer með rekstrarlega og faglega forystu í leikskólanum í umboði sveitarfélags og er aðstoðarleikskólastjóri hans staðgengill og hægri hönd. Aðstoðarleikskólastjóri er með sex klukkustundir á viku í stjórnun en er einnig deildarstjóri. Að auki eru tveir aðrir deildarstjórar í húsinu, svo að einn er á hverri deild. Það er enginn sérkennslustjóri starfandi í leikskólanum en Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga veitir sérfræðiþjónustu eftir þörfum. Leikskólastjóri sér til þess að starfið sé í samræmi við lög, reglugerðir og gildandi fyrirmæli.

5.1. Skipting ábyrgðar

Ábyrgðarskipting stjórnenda er skýr. Aðstoðarleikskólastjóri skipuleggur val barnanna og sér um heimasíðu skólans, samskipti við grunnskólann og aðrar stofnanir. Leikskólastjóri sér um fjármál, starfsmannahald og utanumhald. Þessi ábyrgðarskipting stjórnenda liggur ekki fyrir skriflega.

Starfsfólk hefur bæði formlegan og óformlegan vettvang til þess að segja sitt álit og koma að starfinu. Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í viku með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Á þeim fundum er skrifað í dagbók sem er látin liggja inn á deildum í kjölfarið. Upplýsingastreymi fer í gegnum dagbækur og tölvupósta sem eru notaðir til þess að koma ákvarðanatöku á framfæri. Fyrir utan deildarstjórafundina eru hálfir starfsdagar þrisvar sinnum á ári þar sem fólk nær saman. Starfsmannafundir eru tvisvar á önn utan opnunartíma og fær fólk greidda yfirvinnu fyrir þá. Deildarfundir eru eftir þörfum. Leikskólastjóri hefur óskað eftir einum starfsdegi í viðbót og telur vera skort á samráðstíma með starfsfólki.

5.2. Símenntun starfsfólks

Búið er að vinna starfsþjálfunar- og símenntunaráætlun fyrir starfsfólk. Starfsfólk hefur að mestu sótt námskeið hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Endurmenntun Háskóla Íslands. Það er misjafnt eftir því hvort fólk sé fagmenntað eða ekki hvaða námskeið eru sótt. Annað hvert ár er haldið skyndihjálparnámskeið fyrir alla og allt starfsfólk hefur sótt námskeið í tákni með tali. Stefnt er að námsferð erlendis næsta misseri en slíkar námsferðir hafa verið farnar með reglulegu millibili. Mikið samstarf er milli leikskóla á Snæfellsnesi og aðrir leikskólar

hafa verið heimsóttir, leikskólastjórar hittast reglulega. Í starfsmannaviðtölum er starfsfólk spurt út í hvaða símenntun það hefur áhuga á en það er misjafnt eftir fjármagni hvað er hægt að bjóða upp á. Sameiginlegur námskeiðsdagur hafa verið haldnir á öllu Snæfellsnesi. Starfsfólk er sátt við sína aðkomu að símenntunaráætlun og það kom einnig fram í samtölum við starfsfólk að því finnst framboðið nokkuð fjölbreytt.

5.3. Þjálfun og kynning nýrra starfsmanna

Um móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna sjá leikskólastjóri og deildastjórar. Leikskólastjóri tekur á móti nýjum starfsmönnum og kynnir fyrir þeim skólanámskrá leikskólans og aðbúnað. Deildarstjóri viðkomandi deildar hefur umsjón með því að setja starfsmanninn inn í starfið. Starfsmenn eru hvattir til að kynna sér vel stefnu, markmið og vinnureglur leikskólans og leitast við að hafa þær að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Starfsmannahandbók er til á tölvutæku formi og upplýsingamöppur um deildir er að finna á hverri deild. Dagbók, sem allir fundir eru skráðir í er tiltæk á hverri deild, starfsmönnum til upplýsingaöflunar. Á vinnustofu starfsmanna er að finna ýmsan faglegan fróðleik og hugmyndir að verkefnum sem starfsmenn eru hvattir til að kynna sér í undirbúningstímum. Foreldrum er tilkynnt um nýtt starfsfólk með tölvupósti og tilkynningum á upplýsingatöflum. Í viðtölum við foreldra kom fram að leikskólinn mætti gera betur í því að kynna nýtt starfsfólk fyrir foreldrum.

5.4. Verkferlar

Í skólanámskrá er kveðið á um verkferla sem varða endurvinnslu og forvarnarstefnu. Þar eru einnig verkferlar er varða innlög á námssviðunum, leikinn og samskiptareglur starfsfólks og barna í daglegu starfi í leikskólanum (svo sem hreinlæti, samverustundir, matmálstíma og fleira). Verkferlar og vinnubrögð á deildum eru ekki formlegir og ekki eru til verkferlar í agastjórnun.

5.5. Þáttur barna og foreldra í ákvörðunum skólans

Það er sátt um val á fulltrúum í foreldraráð. Fulltrúar er handvaldir þegar ekki hefur komið fram áhugi á framboði. Foreldraráð er ekki virkt sem slíkt. Sömu foreldrar sitja í foreldraráði og í stjórn foreldrafélagsins og mesta vinnan snýr að uppákomum í leikskólanum, til dæmis jólaskemmtun og vorhátíð. Foreldraráð fær skólalagatal til umsagnar og námskrá hefur verið rædd á fundum. Á aðalfundi foreldrafélagsins sem er vel auglýstur hafa foreldrar tækifæri til

að hafa áhrif á fyrirkomulag skólastarfsins en dræm mæting hefur verið á fundinn og áhugi á frekari áhrifum virðist ekki vera mikill.

Börn koma mest að ákvörðunartöku í leikskólanum í svokölluðu stóra vali. Þau fá að velja sér nafn á hóp og hóparnir leggja saman línur um viðfangsefni. Í umhverfisnefnd leikskólans eiga börnin sinn fulltrúa. Í skólanámskrá er kveðið á um að stutt sé við sjálfræði og sjálfstæði barnanna og það eflt. Börnin eru hvött til að stýra sjálf leik, taka ákvörðun um salernisferðir sjálf og ákveða sjálf hversu miklu þau skammta sér í matmálstímum. Þau eru hvött til sjálfsprottnar tjáningar í myndlist og tónlist án þess að kennarar taki ákvörðun um myndefni eða lagaval. Ákvörðunarréttur barnanna snýr því mest að þeim sem einstaklingum en ekki að skólastarfinu.

5.6. Fjármál og rekstur

Bæjarritari sér um fjármál leikskólans í samstarfi við leikskólastjóra en hann og bæjarstjóri koma á þriggja mánaða fresti í leikskólann og þá er farið yfir fjárhagsstöðuna. Skólinn hefur staðist ramma fjárhagsáætlunar undanfarin ár nema hvað varðar launalið. Að hluta til er það vegna óviðráðanlegra orsaka eins og langtímaveikinda starfsmanna.

5.7. Lögbundin gögn skólans

Á skrifstofu skólans eru fyrirliggjandi heimildir skólastjóra til öflunar sakavottorðs fyrir allt starfsfólk leikskólans og sömuleiðis undirritaðir þagnareiddar alls starfsfólks. Ársskýrsla hefur ekki verið gerð þar sem samkomulag hefur ríkt milli rekstaraðila og leikskólans um að skólastjórnendur skili yfirliti á þriggja mánaða fresti í stað formlegrar ársskýrslu. Símenntunaráætlun er til staðar svo og skólanámskrá, með þeim takmörkunum sem áður er lýst. Starfsáætlun, staðfest af skólanefnd sveitarfélags, er ekki til staðar á skrifstofu skólans.

5.8. Mat úttektaraðila

-Stjórnskipulag skólans hentar stærð hans og verkefnum ágætlega. Skipurit endurspeglar sérstöðu leikskólans að því leyti að aðstoðarleikskólastjóri er einnig í deildarstjórástöðu.

-Ábyrgðarskipting stjórnenda þyrfti að vera skrifleg. Hún hefur þróast og ábyrgð á fjármálum og samskiptum virðist vera í skýrum farvegi en ábyrgð á faglegu starfi og aðkoma starfsfólks að því virðist vera óskýr og þörf fyrir að formgera þann þátt.

-Starfsfólk virðist sátt við sína aðkomu að stjórnun skólans. Þekking starfsfólks er vel nýtt og það hefur tækifæri til þess að nýta sína styrkleika. Eftirfylgd ákvörðunartöku mætti vera skilvirkari með því að láta starfsfólk til dæmis kvitta fyrir lestri í dagbækur og tölvupósti.. Ef deildarfundir eru taldir geta verið skilvirkari heldur en starfsmannafundir ætti að huga að því að hafa þá reglulega.

-Símenntunaráætlunin virðist mæta þörfum flestra auk þess sem starfsfólk fær tækifæri til að koma á framfæri óskum í því sambandi. Það er gott að nýta símenntun til þess að koma á samstarfi við aðra leikskóla.

-Skerpa þarf á hlutverki foreldraráðs í stjórnskipun leikskólans. Æskilegt er að foreldraráðið kynni sér hlutverk sitt í starfsemi leikskólans og setji sér einfaldar starfsreglur. Æskilegt er að sveitarstjórn sé meðvituð um hlutverk foreldraráðs við stjórnun skólans.

-Sveitarfélagið er í góðum tengslum við leikskólann og því ætti að vera hægt leikur að kalla eftir ársskýrslu sem öllum leikskólum ber samkvæmt lögum að gera.

6. Uppeldi, menntun og umönnun

Dagskipulag Leikskólans í Stykkishólmi er með nokkuð hefðbundnu sniði þar sem frjáls leikur barnanna og fullorðins-stýrt hópastarf skiptast á yfir daginn. Leikskólinn er opinn milli klukkan 7.45 og 17.00 virka daga. Dagskrá er ólík milli deilda þar sem yngstu börnin þurfa lengri hvíldartíma og fá máltíðir sínar á öðrum tímum en þau sem eldri eru. Að sögn foreldra í rýnihópi er almenn sátt um dagskipulag skólans.

6.1. Leikföng og efniviður

Leikskólinn í Stykkishólmi er vel búinn í alla staði og gildir það einnig um leikefni. Á því leikefni sem í notkun er í skólanum felast uppeldislegar áherslur hans, en leikefnið samanstendur annarsvegar af nútímalegu opnu leikefni, svo sem margskonar kubbum og hins vegar af hefðbundnum leikföngum, sumum frá tíð St. Franciskussystranna. Meirihluti leikefnisins er úr náttúrulegu efni og handleika leikskólabörnin því mun meira af viði en plasti.

Sköpun er áberandi í vali á efnivið og er verðlaust efni nýtt sem hráefni í listsköpun og unnið með umhverfissjónarmið með því að nýta efni sem venjulegast telst rusl. Áberandi er gleði barnanna með ræktun af ýmsu tagi, á sumrin eru matjurtir ræktaðar utandyra en innandyra í gluggakistum á vetrum, börnunum til ómældrar ánægju. Auk opins leikefnis, leikfanga og efniviðar til sköpunar er skólinn búinn áhöldum til hreyfileikja innandyra, hljómflytningstækjum, spilum, bókum og öllu öðru sem venjubundið er að fyrirfinnist í íslenskum leikskólum.

Þess má geta að ýmis efniviður leikskólans eru gjafir frá fyrirtækjum í bænum og er því veglegur búnaður skólans til marks um þá velvild sem hann nýtur í nærsamfélagi sínu.

6.2. Námsvið gildandi aðalnámskrár

Skipuleg málörvun og þjálfun í íslensku (kaflí 9.1 í aðalnámskrá frá 2011) fer fram í leikskólanum bæði með markvissum málörvunartímum og einnig samþætt í allt skólastarfið með vísum, þulum, söng og öðrum hefðbundnum hætti. Börnin hafa aðgengi að bókum, þeim eru sagðar sögur og þau fá tækifæri til að tjá sig og eiga samskipti í töluðu máli. Listilega gerðar loðtöflur frá fyrri tíð eru notaðar bæði til að segja börnunum sögur en einnig til þess að

hvetja þau í spunatjáningu. Talmeinafræðingur kemur með reglubundu millibili í leikskólann og er hann þá ráðgefandi fyrir kennara og foreldra og leggur upp þjálfun þeirra barna sem á þurfa að halda.

Að heilbrigði og vellíðan barnanna (kafla 9.2 í aðalnámskrá) er stuðlað með fjölbreyttum hætti. Auk heilbrigðra lífshátta með góðu mataræði, hvíld og hreinlæti er hreyfing mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Öll börnin fá útivist daglega þegar aðstæður leyfa, annað hvort í frjálsum leik eða með kennara sínum í hópastarfinu. Auk hreyfingar utandyra er aðstaða til hreyfingar barna innandyra. Þau hafa aðgang að leikstofum sem bjóða upp á grófhreyfingu, stórir kubbar (Hollow blocks) sem reyna töluvert á vöðvastyrk standa þeim til boða og dans er reglulegur og mikilvægur áhersluþáttur í starfinu. Auk reglulegra söng- og dansstunda tvisvar sinnum í viku þar sem allir nemendur leikskólans koma saman er elstu börnunum boðið upp á dansnámskeið með danskennara. Að mati foreldra í rýnihópi er vel fylgst með að þroski barnanna í leikskólanum sé eðlilegur og góð samvinna þar að lútandi.

Sjálfbærni og vísindi (kafla 9.3 í aðalnámskrá) er eitt sterkasta námssvið Leiksskólans í Stykkishólmi. Nálægð náttúrunnar í umhverfi leikskólans, umhverfismenntin og það hversu umhverfisverndar- og sjálfbærnisjónarmið eru samofin leikskólastarfinu vekur börnin stöðugt til umhugsunar um nýtingu auðlinda, nýtingu náttúrunnar, vistspor og virðingu fyrir lífverum. Skólinn ástundar matjurtarækt bæði utanhúss og innan og börnin eru hvött til að tileinka sér könnunaraðferðir til þess að skilja og skynja umhverfi sitt. Börnin safna mat fyrir hænur í nágrenni leikskólans og fá egg í staðinn og í vettvangsferðum hafa verið gerðar tilraunir af ýmsu tagi.

Sköpun og menning (kafla 9.4 í aðalnámskrá) er samofin öllu starfi í Leikskólanum í Stykkishólmi. Börnin hafa fjölbreytt tækifæri til sköpunar í gegnum myndlist, tónlist, dans og sagnagerð. Arfleifð St. Franciskussystra felst meðal annars í nýtni og að nægjusemi og fer sú arfleifð afar vel saman við skapandi starf og umhverfismennt. Börnin fá æfingu í að nýta verðlaust efni, sem ýmsir myndu flokka undir drasl, til sköpunar og hefur skólinn lag á að gefa börnunum tækifæri til að nýta ímyndunarafl sitt og sköpunargleði. Tengsl leikskólans við menningu svæðisins er mikil líkt og vikið er að í kafla um ytri tengsl og nýtir skólinn þessi tengsl skólanum til framdráttar og auðgar í leiðinni nærsamfélag sitt.

6.3. Lýðræðisþjálfun

Lýðræðisþjálfun leikskólans fer fram með nokkuð algengum leikskólahætti, sem er í gegnum valkerfi þar sem börnin fá tækifæri til að ná fram vilja sínum í meginþorra tilvika en verða jafnframt stundum að lúta því að víkja fyrir vilja annarra barna í skólasamfélaginu. Valkerfið stuðlar einnig að félagslegri blöndun innan skólans sem felur í sér þjálfun í samfélagslegri ábyrgð og umburðarlyndi þar sem börnin neyðast til þess að vinna að verkefnum með öðrum börnum sem þau hefðu án valkerfisins ef til vill ekki kosið að vinna með. Börnin fá að velja sér nafn á starfshópa og hóparnir vinna saman að vali verkefna. Í umhverfisnefnd leikskólans eiga börnin sinn fulltrúa. Elstu börnin á leikskólanum hafa sjálf sett sér samskiptareglur undir leiðsögn kennara.

6.4. Sýn barnanna á uppeldisstarfið

Börnin sem rætt var við voru á tveimur eldri deildum leikskólans og virtust þau ánægð með leikskólann sinn. Það var ró yfir börnunum við það sem þau voru að aðhafast en voru þau samt ófeimin við að ræða við gesti, einnig þau sem héldu sig til hlés. Börnin sýndu stolt viðfangsefni sín og vöktu sérstaklega athygli gesta á matjurtunum sem þau rækta í gluggum deildanna. Aðspurð sögðust börnin alltaf eða oftast vera glöð að koma í skólann. Börnin á yngstu deildinni eru það ung að drjúgur tími dagsins fer í að sinna líkamlegum þörfum þeirra til dæmis klæðnaði, næringu og salernisvenjum auk þess sem töluverður tími fer í svefn. Þarfir litlu barnanna virðast hafðar í fyrirrúmi, starfsfólk leggur sig fram um að skapa rólegt andrúmloft í kring um þau og á útisvæðinu var fylgst vel með leikjum þeirra. Starfsfólk talaði við börn með virðingu og vinsamlegum málrómi.

6.5. Þróunarverkefni

Engin sérstök þróunarverkefni varðandi starfshætti hafa verið í leikskólanum en stjórnendur hafa áhuga á því að innleiða agastefnu og skynja vilja fyrir því í starfsmannahópnum. Önnur þróunarverkefni hefur gengið vel að innleiða, til að mynda áætlun sem miðar að því að auka menntun og þekkingu og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs. Leikskólinn vill stuðla að góðri umgengni og sjálfbærri nýtingu allra auðlinda og vinna gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum. Í maí 2006 gekk skólinn til liðs við verkefnið „Skólar á grænni grein“ og þann 30. maí 2007, var Grænfáninn afhentur, af aðilum frá Landvernd. Slík verkefni kosta mikla vinnu og hefur skólinn þurft að mæta hindrunum á þessari vegferð en með sameiginlegri ákvörðun starfsmannahópsins var ákveðið að halda áfram og með það ríkti sátt.

6.6. Mat úttektaraðila

-Þó svo Leikskólinn í Stykkishólmi starfi eftir aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 má hæglega skoða hið góða uppeldisstarf sem þar fer fram í samræmi við áherslur nýrrar aðalnámskrár og vantar ekki mikið upp á að starfið uppfylli kröfur hennar.

-Í Leikskólanum í Stykkishólmi er hlúð að börnunum sem þar dvelja af natni og þeim sinnt í samræmi við þarfir hvers og eins. Starfsfólk leikskólans sýnir börnunum virðingu og hlýju.

-Uppeldi, menntun og umönnun barna í Leikskólanum í Stykkishólmi samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og ekki er annað að sjá en að börnin fái notið bernsku sinnar í leikskólanum.

7. Skólabragur og samskipti

Skynjun úttektaraðila á skólabrag Leikskólans í Stykkishólmi er afar jákvæð. Andrúmsloft innan skólans er létt, starfsfólk vingjarnlegt og rósemd ríkjandi í húsinu. Einkennandi er að börnin og liðan þeirra er fremst í forgangs röðinni í starfi skólans. Starfsfólk og stjórnendur bregðast hratt við barnsgráti eða óánægju barna, fullorðnir beygja sig niður í augnhæð barnanna til að tala við þau og mikið er lagt upp úr því að gleðja börnin með skemmtunum og fjölbreyttri dagskrá.

7.1. Starfsandi

Skólinn hefur ekki mótað sér starfsmannastefnu en að sögn starfsfólks er góður andi, gleði og jákvæðni ríkjandi í leikskólanum. Stöðugleiki er mikill í mannahaldi og starfsmannafélagið er virkt. Starfsfólk telur sig búa að því sem „systurnar“ skyldu eftir sig í samfélaginu og njóta virðingar og velvilja. Starfsmenn eru hvattir til að virkja styrkleika sína og hæfileika og þar með njóta sín betur í starfi og auðga starfið um leið. Sameiginlegt valkerfi barna og starfsfólks sem byggir á þessari stefnu, hefur verið í þróun. Lögð er áhersla á að fagfólk sé starfandi á öllum deildum. Starfsmenn eru hvattir til hreinskilni, til að leita upplýsinga á réttum stöðum og vera óhræddir við að segja skoðanir sínar á málefnalegan hátt. Hvatt er til samábyrgðar og góðrar liðsheildar, hreinskilni og heiðarleika þar sem baktal er fordæmt.

7.2. Samskipti og viðmót

Hlýlegar móttökur og kveðjur, stundvísi og virðing á tíma hvers annars er viðurkennt viðmót í leikskólanum. Starfsmenn leggja sig fram um að leysa fljótt og vel úr ágreiningsmálum og taka athugasemdir og ábendingum á jákvæðan hátt, sem og að læra af mistökum sínum. Skólinn hefur forvarnarstefnu sína að leiðarljósi í eineltisforvörnum bæði meðal barna og starfsfólks. Foreldrar í rýnihópi segja starfsfólk vingjarnlegt og glaðlegt og að það mæti fjölskyldunni með jákvæðu viðhorfi. Foreldrarnir töldu börn sín ánægð í leikskólanum og að almennt ríkti vinátta meðal barnanna.

7.3. Jafnrétti

Jafnréttisvitund skólans snýr einkum að börnum af erlendum uppruna. Í leikskólanum er fólk meðvitað um að erlendu börnin sitji við sama borð og önnur og er það gert með áherslu á

málörvun og aukna samvinnu við foreldra þeirra barna. Tvö börn með skilgreinda fötlun eru í leikskólanum en ekki hefur verið talin þörf á að gæta sérstaklega að félagslegri stöðu þeirra. Skólinn er ekki með sérstakar aðgerðir eða stefnu varðandi jafnréttismál kynjanna.

7.4. Mat úttektaraðila

-Samskipti starfsfólks við börnin í Leikskólanum á Stykkishólmi eru falleg. Börnum er sýnd virðing og líðan þeirra er forgangsatriði í skólastarfinu. Starfshættir skólans og skólabragur mótast af kærleika til barna og virðingu fyrir manngildi barna, foreldra og starfsfólks.

-Skólinn er ekki með sérstakar aðgerðir eða stefnu varðandi jafnréttismál kynjanna, sem þó væri vert að athuga sökum þess hve ójafnt kynjahlutfall nemenda er í skólanum.

8. Innra mat

Í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahlald nr. 893/2009 segir að leikskólar skuli meta starf sitt með kerfisbundnum hætti til að leggja mat á árangur og gæði. Matið skuli vera fjölbreytt, ná til allra þátta starfsins og hafa umbætur að leiðarljósi. Einnig segir í reglugerðinni að starfsmenn og foreldrar/foreldraráð og börn eigi að koma að matinu eftir því sem við á og að lokum að leikskólar eigi að birta innra mat á vefsvæði sínu eða öðrum opinberum vettvangi þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og umbótaáætlun.

8.1. Staða innra mats í leikskólanum

Leikskólinn í Stykkishólmi hefur ekki staðið fyrir kerfisbundnu innra mati hingað til. Þó hefur skólinn metið ákveðna þætti í starfi sínu sem teljast til innra mats en kerfisbinding, markviss aðkoma starfsmanna, foreldra og barna og opinber kynning eða samantekt til dæmis í sjálfsmatsskýrslu, hefur ekki verið fyrir hendi.

Í skólanámskrá Leikskólans í Stykkishólmi frá 2008 segir að mats- og gátlistar varðandi starfið, efnivið og aðstæður, ásamt athugunum og prófunum á börnum séu framkvæmd reglulega. Til dæmis athugunarlistar sem fylltir eru út fyrir hvern aldurshóp einu sinni á ári, fyrir foreldraviðtölin, Hljóm-2 athugun á hljóð- og málvitund elstu barnanna og Ecers kvarðinn¹ sem tekur á flestum þáttum varðandi leikskólastarfsemina í heild þar með talið efnivið og aðstæðum. Ljóst er að Hljóm-2 athuganir hafa verið framkvæmdar reglulega frá útkomu skólanámskrár 2008, svo og aðrar athuganir varðandi börnin. Ecers kvarðinn hefur einu sinni verið notaður áður, árið 2003, en síðan ekki tekinn í notkun fyrr en í nóvember 2011. Starfsmannakönnun hefur aldrei verið framkvæmd í leikskólanum og ekki heldur foreldrakönnun. Það er ekki ljóst í skólanámskrá hver hefur verið ábyrgur fyrir innra mati hingað til.

¹ ECERS (Early Childhood Environment Rating Scale www.unc.edu/~ecers) er kvarði til að meta í heild umhverfi og uppeldisstarf leikskólans og starf leikskólakennara. Einnig er hægt að nota kvarðann til að meta einstaka þætti starfsins. ECERS kvarðinn kemur frá Bandaríkjunum og er ætlaður til að meta leikskólastarf fyrir 3-6 ára börn. (Sótt 3. desember 2011 af www.samband.is)

8.2. Áætlun um innra mat

Leikskólinn hefur nú gert sér áætlun um innra mat til næstu tveggja ára frá hausti 2011 – 2013. Innleiðing á þeirri áætlun er að hefjast. Í nóvember 2011 var Ecers kvarðinn til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn notaður í fyrsta skipti og samkvæmt áætluninni er notkun hans fyrirhuguð þriðja hvert ár á hverri deild. Áætlað er að starfsmenn svari starfsmannakönnun á þriggja ára fresti og í fyrsta sinn í nóvember 2012. Foreldrar koma ekki að innra mati leikskólans, samkvæmt áætluninni nema í gegnum foreldrakönnun sem framkvæmd skal þriðja hvert ár, fyrst í apríl 2012. Börn koma ekki að innra mati á leikskólanum. Mat á frammistöðu kennara stendur til að framkvæma með matslista á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna².

Í áætluninni eru matsgögn upptalin en ekki kemur fram með skýrum hætti hvernig nýta eigi niðurstöður úr öllum gögnum. Notast á við áður nefndan matslista á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna og fara yfir hann í upphafi skólaárs með öllum starfsmönnum deilda. Út frá honum á að meta þörf á breytingu á vinnubrögðum. Önnur matsgögn eru Ecers kvarðinn til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn, foreldrakönnun, starfsmannakönnun og tvær aðferðir til að meta stöðu nemenda.

Í áætluninni mynda leikskólastjóri og deildarstjórar matsteymi en ekki er formgert í matsáætluninni hver sé ábyrgðaraðili og framkvæmdaraðili hverrar aðgerðar. Í áætluninni eru matsgögn sem snúa að mati á stöðu nemenda þar sem kemur skýrt fram hverjir eru ábyrgðar- og framkvæmdaraðilar, áætlun um hvernig niðurstöður skulu nýttar, en önnur matsgögn er þar ekki að finna.

Aðkoma starfsfólks að framkvæmd innra mats er nokkur samkvæmt áætluninni, þeir eiga að hafa matslistann til þess að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna ávallt til hliðsjónar og starfsfólk tveggja eldri deilda leikskólans svarar Ecers kvarðanum. Þá framkvæma leikskólakennarar Hljóm-2 og hópstjórar Símat.³

² Anna-Lind Pétursdóttir, Ph.D. Byggt á *Inventory of Practices for Promoting Children's Social Emotional Competence*, Center on the Social and Emotional Foundations for Early Learning. 2. útgáfa, 2007

³ Athuganir byggðar á bókum Brittu Holle, *Normale og retarderede Börns motoriske udvikling* 3. udgave, 1. oplag. 1984 og *Barnehagens pædagogiske rolle, Tilrettelagt for norske forhold* av Egil Viken eftir Birgittu Jonasson og Mia Rockström, 1985. Tekið af skólavefnum í febrúar 2007 og viðbætur gerðar af starfsmönnum Leikskólans í Stykkishólmi sama ár.

8.3. Mat úttektaraðila

-Það er ekki fullt samræmi milli skólanámskrár Leikskólans í Stykkishólmi og framkvæmdar á innra mati. Einnig ber að taka tillit til þess að skólanámskrá er úrelt og þarfnast endurskoðunar.

-Ekkert mat liggur fyrir sem veitir nægjanlegar upplýsingar um styrkleika og veikleika leikskólastarfsins. Innra mati hefur ekki verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun og umbætur á skólastarfinu hingað til hafa ekki verið byggðar á gögnum úr innra mati.

-Leikskólinn í Stykkishólmi hefur mikinn efnivið í fagstarfinu sem hægt er að meta. Umhverfisstefna og grenndarnám eru til að mynda stórir þættir í starfinu sem ætti að meta með markvissum hætti og leyfa börnunum að vera virkir þátttakendur í því mati.

-Sveitarfélagið hefur hvorki gert kröfu um innra mat, né fylgt gerð þess eftir. Það er æskilegt að sveitarfélagið sé upplýst um ábyrgð þess við gerð innra mats og eftirfylgni með því. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins ætti að veita leiðsögn við gerð innra mats sé þess óskað.

-Leikskólinn hefur gert sér áætlun um innra mat og er það vel. Hins vegar má ýmislegt við þá áætlun athuga: Starfsmannakönnun er æskilegt að framkvæma að minnsta kosti annað hvert ár þrátt fyrir stöðugleika í starfsmannahópnum. Með hliðsjón af því að starfsmannakönnun hefur ekki verið framkvæmd hingað til, ber að framkvæma slíka könnun við fyrsta tækifæri. Foreldrakönnun er of lítið að framkvæma þriðja hvert ár á hverri deild og má spyrja um gagnsemi slíkrar gagnasöfnunar ef svo langur tími líður milli kannana. Æskilegt er að fram komi í matsáætlun hver er ábyrgðarmaður og hver sjái um framkvæmd hvernar aðgerðar, umbótaáætlunar og eftirfylgni innra matsins í heild sinni. Verkferla varðandi matið ber að skýra betur til þess að unnt sé að fylgja matinu eftir og virkja starfsfólk.

9. Foreldrasamstarf

Foreldrar eru þátttakendur í daglegu starfi Leikskólans í Stykkishólmi. Foreldrar fylgja börnum inn á deildir að morgni en geta þá náð tali af starfsfólki og stjórnendum, tylla sér inn á söngstundir þegar börn eru sótt og mæta vel á sýningar og viðburði í leikskólanum. Skólinn gefur út ítarlega foreldrahandbók sem foreldrar fá afhenta þegar þeir byrja með barn í leikskólanum. Foreldrahandbókin hefur verið þýdd á pólsku.

9.1. Viðtöl og fundir

Skipulögð foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári en að auki standa foreldrum alltaf til boða viðtöl bæði við starfsfólk deilda og skólastjórnendur. Foreldrafundir eru haldnir á öllum deildum á hverju hausti og að auki tekur leikskólinn þátt í aðalfundi foreldrafélagsins. Leikskólinn stendur fyrir annarskonar fjölskylduviðburðum svo sem ömmu- og afadegi og opnu húsi með reglulegu millibili.

9.2. Foreldrafélag

Við Leikskólann í Stykkishólmi er starfandi foreldrafélag sem tekur drjúgan þátt í starfi leikskólans. Foreldrafélagið stendur fyrir jólaföndri með börnunum á virkum degi í desembermánuði, það skipuleggur og kostar vorferð fyrir börnin, stendur straum af kostnaði við leiksýningar og gefur skólanum gjafir. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á aðalfundi félagsins ár hvert. Að sögn foreldra í rýnihópi ríkir sátt um hvernig staðið er að kosningu í stjórn félagsins.

9.3. Áhrif foreldra á skólastarfið

Foreldraráð er sá formlegi vettvangur sem foreldrar hafa til að hafa áhrif á skólastarfið. Foreldraráð fundar reglulega bæði sem stjórn foreldrafélags og foreldraráð því sömu aðilar sitja í því. Engar upplýsingar eru á heimasíðu leikskólans um foreldraráð og fundargerðir eru ekki aðgengilegar. Ekki hafa verið gerðar kannanir á viðhorfi eða ánægju foreldra með leikskólastarfið en að sögn foreldra í rýnihópi er aðgengi að skólastjórnendum og starfsfólki gott og auðvelt að koma ábendingum á framfæri. Að sögn foreldra í rýnihópi virðist skólinn leggja sig fram um að taka tillit til þarfa foreldra og veita þeim þjónustu á einstaklingsbundnum grunni. Í byrjun leikskólavalar eru foreldrar spurðir út í trúarlegar eða lífstíllsérþarfir sem skólinn geti mætt. Formlegar leiðir til þess að meta ánægju foreldra með starf leikskólans hafa ekki verið notaðar en hefð virðist vera fyrir miklum óformlegum samskiptum milli foreldra og starfsfólks leikskólans.

9.4. Mat úttektaraðila

-Einlæg sátt virðist ríkja milli Leikskólans í Stykkishólmi og foreldra um fyrirkomulag starfsins og foreldrar virðast hafa afar jákvætt viðhorf gagnvart skólanum, starfsfólki hans og stjórnendum.

-Skólinn virðist taka afar vel á móti foreldrum þegar börn byrja í leikskólanum, gera sér far um að koma til móts við þarfir fjölskyldunnar og kynna foreldrum starfið meðal annars með vandaðri foreldrahandbók.

- Daglegt starf Leikskólans í Stykkishólmi ber þess merki að foreldrar eru þátttakendur í daglegu starfi.

-Ekkert formlegt og reglulegt mat á ánægju foreldra með leikskólann fer fram.

- Hagsmunavettvangur foreldra; foreldraráð leikskólans er vannýtt.

10. Upplýsingamiðlun

Leikskólinn í Stykkishólmi notar margar leiðir til að koma upplýsingum til nærsamfélagsins og foreldra leikskólabarnanna. Foreldrar og hagsmunaaðilar hjá sveitarfélaginu fá reglulega tölvupóst með helstu fréttum af starfinu, skólinn stendur fyrir opnu húsi reglulega þar sem bæjarbúum gefst kostur á að heimsækja skólann og öðru hvoru birtast fréttir og pistlar um leikskólastarfið í bæjarblaðinu, Stykkishólms-Póstinum.

10.1. Vefsíður leikskólans

Leikskólinn í Stykkishólmi á sér vefsíðu sem hýst er á vef Stykkishólms á slóðinni: www.stykkisholmur.is/leikskolinn. Á vefsíðunni eru greinargóðar upplýsingar um deildir skólans, matseðil, uppeldisáherslur og þjónustu sveitarfélagsins. Að auki prýða síðuna ótal myndir frá starfi skólans og starfsfólk miðlar reynslu sinni frá endurmenntunarnámskeiðum og námsferðum.

Leikskólinn á hins vegar aðra síðu á slóðinni: www.stykk.is/leikskoli en greinilegt er að hún er úr sér gengin og hefur ekki verið í notkun frá því í nóvember 2009 en kemur hins vegar jafnhliða virku síðunni upp í leitarvélum.

10.2. Mat úttektaraðila

-Aðgangur foreldra og nærsamfélags að upplýsingum um starf Leikskólans í Stykkishólmi er greið. Leikskólinn notar fjölbreyttar leiðir til að kynna starf sitt og vefsíða skólans: www.stykkisholmur.is/leikskolinn er í virkri notkun.

-Úrelta síðu á slóðinni www.stykk.is/leikskoli þarf að fjarlægja af veraldarvefnum.

-Á heimasíðu leikskólans vantar upplýsingar um fundargerðir foreldraráðs.

11. Ytri tengsl

Leikskólinn í Stykkishólmi er í miklum ytri tengslum og má segja að hann tengist svo að segja öllum stofnunum sveitarfélagsins á einn eða annan hátt.

11.1. Samstarf skólastiga

Samstarf milli skólastiga er gott en Grunnskólinn í Stykkishólmi er eini grunnskóli sveitarfélagsins. Skólastigin standa saman að nokkrum atburðum ár hvert og til er sérstök samstarfsáætlun þar að lútandi. Elstu leikskólabörnin og yngstu grunnskólabörnin skiptast reglulega á heimsóknum, fyrir jól er sameiginleg kirkjuferð, stundum fá skólastigin saman leikrit í heimsókn, tveir elstu árgangar leikskólans mæta á lokaæfingu árshátíðar grunnskólans og vorskólinn er sameiginlegur. Væntanlegur fyrsta bekkjar kennari grunnskólans mætir í skólastundir á vorönn til að kynna sig og kynnast börnunum auk þess sem kennarinn tilvonandi mætir á útskriftarhátíð leikskólans og tekur þar formlega við listaverkum barnanna til að hengja upp í stofnunni þeirra í grunnskólanum. Auk þess sem hér er talið eru svo tilfallandi viðburðir.

11.2. Önnur samvinna

Áhersla leikskólans á tónlist gefur mikið tilefni til samvinnu við Tónlistarskólann í Stykkishólmi og er sú samvinna góð. Litla lúðrasveit tónlistarskólans kemur og heldur tónleika í leikskólanum og leikskólabörnin fara í heimsókn í tónlistarskólann til að kynna sér starfsemi hans. Dvalarheimlið nýtur góðs af léttari lund barnanna en þau heimsækja heimilið reglulega auk þess sem vistmönnum þar svo og nágrönnum skólans í hverfi eldri borgara er boðið á opna daga og ýmsa viðburði í leikskólanum. Leikskólinn hefur einnig átt samvinnu við Ungmennafélagið Snæfell vegna íþróttaskóla félagsins. Auk þeirra aðila sem sinna æskulýðsstarfi í bænum taka hárgreiðslustofa bæjarins, sjúkrahúsið og Tryggingastofnun Ríkisins þátt í starfi skólans á einn eða annan hátt. Leikskólinn og aðrir aðilar sem sinna æskulýðsstarfi í bænum stóðu saman að gerð forvarnarstefnu fyrir bæinn. Skólastjórar skólanna þriggja funda reglulega til að samræma skóladagatöl og helstu viðburði.

11.3. Mat úttektaraðila

- Glögglega má sjá merki þess að leikskólinn sé nokkurs konar óskabarn Stykkishólms. Skólinn virðist njóta virðingar og vinsemdar bæði hagsmunaaðila, grenndarsamfélags og atvinnulífs í bænum. Ljóst er að Leikskólinn í Stykkishólmi á einstaklega góða samvinnu við grenndarsamfélag sitt og aðra hagsmunaaðila.

12. Sérfræðiþjónusta sveitarfélags

Samkvæmt lögum um leikskóla ber sveitarfélaginu að reka sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla. Í henni á að felast annars vegar stuðningur fyrir leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra.

Á vegum sveitarfélagsins Stykkishólms sér Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga um að veita Leikskólanum í Stykkishólmi sérfræðiþjónustu. Þjónustan við leik- og grunnskóla felst í sérkennslu- og námsráðgjöf, þjónustu sál- og talmeinafræðinga auk forvarnafræðslu og ráðgjafar.

Sérfræðiþjónustan er kynnt á heimasíðu Félags- og skólaþjónustunnar, á heimasíðu leikskólans og í skólanámskrá. Við innritun barns og í aðlögunarferli þess fá foreldrar upplýsingar um sérfræðiþjónustuna. Í tölvupóstum til foreldra er þjónustan einnig kynnt reglulega. Foreldrar geta snúið sér beint til starfsfólks ef óskað er eftir aðstoð sérfræðiþjónustunnar en einnig er þjónustan aðgengileg foreldrum án milligöngu leikskólans.

Verkferlar varðandi eftirfylgni í kjölfar greiningar á barni eru útskýrðir í skólanámskránni frá 2008 en samkvæmt henni er útbúin einstaklingsáætlun fyrir hvert barn sem nýtur sérkennslu er inniheldur þá áhersluþætti sem þarf að vinna með hverju sinni. Sérfræðingar á vegum Félags- og skólaþjónustunnar og þroskaþjálfari á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra koma reglulega inn í leikskólann með þá aðstoð, greiningu og ráðgjöf sem til þarf og halda fundi með foreldrum barnsins, sérkennara, eða deildarstjóra eftir því sem við á hverju sinni.

Í leikskólanum er sérkennsluherbergi sem er skipulagt til að börn með sérþarfir fái það næði og tíma sem þau þurfa við verkefni sín. Börn með minniháttar talgalla fá að auki málörvun í hópum samkvæmt ráðgjöf talmeinafræðings. Góð dagleg samskipti eru við foreldra/forráðamenn barna með sérþarfir og haldnir eru reglubundnir fundir þar sem farið er yfir stöðu mála auk þess sem samskiptabækur eru notaðar. Barn með sérþarfir er á ábyrgð allra starfsmanna og ber þeim að sinna því eins og öðrum börnum.

Sú ráðgjöf sem skólinn fær frá sérfræðingum sveitarfélagsins snýr öll að leikskólabörnunum og foreldrum þeirra. Leikskólinn fær enga ráðgjöf né leiðbeiningar um skólastarfið sjálft, hvorki fagstarf almennt, innra mat né þróunarstarf af einhverjum toga frá sérfræðiþjónustu

sveitarfélagsins. Engin tilmæli hafa komið frá sveitarfélaginu varðandi innleiðingu á agastefnu né agastefnur kynntar leikskólastjórnendum af frumkvæði sérfræðiþjónustunnar. Leikskólinn hefur hins vegar fengið ýmis konar ráðgjöf um skólastarfið frá sérfræðingum utan skólans. Þar má telja ýmis konar uppeldislega ráðgjöf á sí- og endurmenntunardögum starfsfólks og einnig hafa leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri auk deildarstjóra sótt fyrirlestra og námskeið af ýmsum toga.

12.1. Mat úttektaraðila

-Verkferlar varðandi málefni barns með greiningu eru skýrir en bráðnauðsynlegt er að uppfæra skólanámskrá líkt og áður er sagt.

-Sveitarfélagið hefur ekki sinnt sem skyldi þeim þætti sem snýr að stuðningi við starfsemi leikskólans og starfsfólk hvað varðar skólastarfið sjálft, fagstarf almennt, innra mat né þróunarstarf. Nánar er fjallað um þann þátt í kafla um innra mat.

-Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu sem snýr að leikskólabörnum og foreldrum þeirra er í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

13. Niðurstöður

Að lokinni könnun úttektaraðila á Leikskólanum í Stykkishólmi og aðstæðum hans má fullyrða að börnunum sem þar dvelja sé búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði líkt og lög um leikskóla nr. 90/2008 kveða á um.

Leikskólinn er vel hýstur og einkar vel búinn og mjög rúmt um alla starfsemi. Útisvæði leikskólans er gott og býður upp á góða þjálfun og leikaðstöðu. Skólinn virðist nokkurs konar óskabarn Stykkishólms og nýtur virðingar og vinsemdar hagsmunaaðila, grenndarsamfélags svo og atvinnulífs, en fyrirtæki bæjarins sæta færís um að gefa leikskólanum gjafir og styðja við starfsemi hans með öðrum hætti. Skólinn kynnir starfsemi sína vel fyrir foreldrum og nærsamfélagi og notar til þess fjölbreyttar leiðir.

Skólinn býr að miklum menningarlegum verðmætum sem felast í arfleifð St.Franciskussystra sem ráku leikskólann til langs tíma. Skólinn sýnir þessum menningararfi mikla virðingu og nýtir hann starfinu til góðs og samfélaginu í Stykkishólmi til gleði en bæjarbúar virðast bera hlýjar tilfinningar til fortíðar leikskólans og veru systranna í Hólminum.

Árangur leikskólans á sviði umhverfismenntunar er eftirtektarverður. Hugmyndir sjálfbærni eru samþættar daglegu starfi og skólinn ber yfirbragð nýtni og ráðdeildar.

Samskipti starfsfólks við börnin í Leikskólanum á Stykkishólmi eru falleg og skólabragur er jákvæður. Starfshættir skólans og skólabragur mótast af kærleika til barna og virðingu fyrir manngildi barna, foreldra og starfsfólks. Skólinn er ekki með sérstakar aðgerðir eða stefnu varðandi jafnréttismál kynjanna og telja úttektaraðilar að mætti huga að því, sérstaklega í ljósi þess að mjög ójafnt kynjahlutfall nemenda er í skólanum þar sem stúlkur eru umtalsvert færri og skipting í vinnuhópa því vandasöm ef tryggja á öllum börnum leik og samskipti við jafningja.

Stjórnskipulag skólans hentar stærð hans og verkefnum ágætlega og verkaskipting við stjórnun skólans er skýr. Skerpa þarf á hlutverki foreldraráðs í stjórnskipun leikskólans og betra væri að hlutverkaskipti stjórnenda væru til skrifleg. Fjárhagslegur rekstur skólans virðist í eðlilegum farvegi.

Leikskólinn í Stykkishólmi er um það bil miðja vegu á vegferð sinni að innleiðingu nýrra laga um leikskóla nr. 90/2008. Þetta er einkum bagalegt hvað varðar ákvæði laganna um innra mat,

en í leikskólanum liggur ekkert mat fyrir sem veitir nægjanlegar upplýsingar um styrkleika og veikleika leikskólastarfsins. Leikskólinn hefur ekki staðið fyrir formlegu og reglubundnu innra mati þrátt fyrir stefnu skólans sem fram kemur í skólanámskrá hvað þetta varðar og ákvæði laga um leikskóla nr. 90 sem tóku gildi árið 2008 þar sem kveðið er á um innra mat. Ekki er skorti á viðfangsefnum um að kenna því leikskólinn hefur mikinn efnivið í fagstarfinu sem hægt er að meta auk þess sem meta mætti viðhorf foreldra og starfsfólks. Að einhverju leyti er rekstraraðila hér um að kenna en sveitarfélagið hefur hvorki gert kröfu um innra mat, né fylgt gerð þess eftir. Það er æskilegt að sveitarfélagið sé upplýst um ábyrgð þess við gerð innra mats og eftirfylgni með því. Leikskólinn hefur gert sér áætlun um innra mat en ljóst er að leikskólinn þarfnast leiðsagnar varðandi þróun hennar og ber sveitarfélaginu að útvega þá leiðsögn.

Skólanámskrá leikskólans er ítarleg og tekur á öllum helstu þáttum leikskólastarfsins sem æskilegt er, en námskráin er hins vegar úrelt þar sem hún hefur ekki verið endurnýjuð frá því fyrir setningu nýrra leikskólalaga árið 2008. Námskrána þarf að uppfæra og endurskoða með tilliti til gildandi leikskólalaga og nýrrar aðalnámskrár og hafa aðkomu allra hagsmunaaðila í huga við gerð hennar. Sveitarfélagið hefur ekki fylgt því eftir að skólanámskrá leikskólans sé uppfærð reglulega né staðfest hana með formlegum hætti og þarf úrbætur þar á.

Þjónusta leikskólans við foreldra virðist vera til fyrirmyndar og sátt ríkir milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins. Foreldrar virðast hafa afar jákvætt viðhorf gagnvart skólanum, starfsfólki hans og stjórnendum. Skólinn virðist standa vel að aðlögun nýrra barna og gera sér far um að koma til móts við þarfir fjölskyldunnar.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags virðist standa vel að öllum verkferlum og þjónustu varðandi málefni barna sem þurfa á sérþjónustu eða greiningu að halda og aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

13.1. Helstu styrkleikar skólans

Styrkleikar Leikskólans í Stykkishólmi eru jafnframt þeir þættir sem, að mati úttektaaðila, veita skólanum stærstu tækifærin til þróunar og eflingar á starfi sínu.

- **Hin sterka menningarlega hefð** sem byggir á langri sögu leikskólareksturs á Stykkishólmi og þeirri menningararfleifð sem St. Franciskussysturnar létu eftir sig.

- **Góður aðbúnaður skólans**, með rúmu húsnæði, nánnum tengslum við náttúruna og ásættanlegum fjárráðum ætti að skapa grunn fyrir óteljandi möguleikum á þróun fagstarfsins.
- **Sterk staða skólans í bæjarsamfélaginu** er einn af hans helstu styrkleikum en skólinn nýtur einstakrar velvildar í samfélaginu.
- **Umhverfisstefna leikskólans** og framkvæmd hennar er styrkur og gæti skólinn verið öðrum fyrirmynd hvað þetta varðar.
- **Starfsfólk leikskólans** er auðlind en skólinn býr að mörgu afar reyndu starfsfólki sem unnið hefur saman um langa hríð en virðist þó opið fyrir því að tileinka sér nýjungar í leikskólastarfi.
- Helsti styrkleiki Leikskólans í Stykkishólmi er **foreldrahópur** hans sem er einstaklega jákvæður gagnvart skólanum, tekur virkan þátt í daglegu starfi hans og sýnir honum stuðning í orðum og verki.

13.2. Helstu veikleikar skólans

Veikleikar skólans eru þættir sem, að mati úttektaraðila, veikja skólann og gætu mögulega ógnað fagstarfi hans.

- **Skólanámskrá skólans** er úrelt og veitir því skólanum ekki þá stefnumörkun sem æskilegt er í ljósi gildandi laga og aðalnámskrár.
- **Skólinn stendur ekki fyrir formgerðu innra mati** með upplýsingasöfnun um ánægju foreldra og annarra hagsmunaaðila og þannig missir skólinn af dýrmætum upplýsingum sem gætu nýst honum til að efla starf sitt.
- **Leikskólann vantar agastefnu** en slík stefnumörkun myndi styrkja fagstarf skólans og auka öryggi starfsfólks gagnvart hegðun barnanna.
- Rekstraraðili leikskólans, **Stykkishólmsbær**, býr ekki að nægilegri fagþekkingu sem þarf til að veita leikskólanum nægilega leiðsögn og aðhald.

13.3. Um samstarf við leikskólann

Samstarf Leikskólans í Stykkishólmi við úttektaraðila var í alla staði gott og viðmót starfsfólks opið og jákvætt gagnvart úttektinni á högum leikskólans og starfi hans. Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri og Elísabet Lára Björgvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri veittu úttektaraðilum alla umbeðna aðstoð og upplýsingar og var viðmót þeirra afar gott.

Gæði þeirra upplýsinga sem úttektaraðilum var veitt voru viðunandi í alla staði og fengust öll gögn, tölulegar upplýsingar, viðtöl og annað bæði hratt og vel.

14. Tillögur til úrbóta

Í ljósi úttektar á Leikskólanum í Stykkishólmi vilja úttektaraðilar koma eftirfarandi tillögum til úrbóta á framfæri. Tillögurnar eru flokkaðar eftir því hvort þær krefjast aðkomu rekstraraðila eða ekki og einnig eru nokkrar minniháttar ábendingar til skólans.

14.1. Tillögur til úrbóta á aðkomu Stykkishólmsbæjar

- Stykkishólmsbær veiti sérfræðiþjónustu sem styður við fagstarf leikskólans eftir óskum hans. Hafi sveitarfélagið ekki það faglega bolmagn sem þarf til að aðstoða skólann getur aðkeypt sérfræðivinna komið þar í stað. Þetta á við í eftirfarandi tilvikum og ef til vill fleirum:
 - Stykkishólmsbær þarf að styðja við leikskólann í viðleitni hans við að koma á formlegu og reglulegu innra mati. Ef til vill þarf sveitarfélagið að standa straum af kostnaði við faglega utanaðkomandi aðstoð við leikskólann til að koma innra mati í farveg.
 - Fylgja þarf eftir endurskoðun skólanámskrár leikskólans.
- Eftirlitshlutverk skólanefndar sveitarfélagsins þarf að skerpa og veita þannig leikskólanum nauðsynlegt aðhald til dæmis hvað varðar innra mat og reglulega endurskoðun skólanámskrár.
- Heildarstefna Stykkishólms í skólamálum með aðkomu allra hagsmunaaðila kæmi leikskólanum og eflaust öðrum skólastofnunum í sveitarfélaginu vel. Núverandi skólastefna ber þess merki að hvert skólastig hafi verið nokkuð einrátt um mótun stefnunnar.
- Merkja mætti skólann að utan. Þó svo augljóst sé að um leikskóla sé að ræða er góð merking stofnunum ávallt til sóma og auðveldar ókunnugum aðgengi.
- Úrelta síðu á slóðinni www.stykk.is/leikskoli sem virðist hýst á vegum sveitarfélagsins þarf að fjarlægja af veraldarvefnum.

- Stykkishólmubær þarf að láta að framkvæma rekstrarskoðun á útileiksvæði leikskólans á 1-3 mánaða fresti líkt og Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 kveður á um.

14.2. Tillögur til úrbóta á starfi skólans

- Endurskoða þarf skólanámskrá Leikskólans í Stykkishólmi svo hún taki mið af gildandi lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og gildandi aðalnámskrá leikskóla frá 2011.
- Skólinn þarf að standa fyrir formlegu og reglulegu innra mati. Matsáætlun skólans er góður vísir í þessa átt en ef til vill væri aðkeypt leiðsögn eða verkefnisstjórn utanaðkomandi fagaðila gagnleg til að koma innra mati í farveg.
- Skólinn þyrfti að gera sér jafnréttisáætlun sem tekur til uppeldisstarfsins. Þetta er einkum mikilvægt í ljósi þess að mjög ójafnt kynjahlutfall er í skólanum um þessar mundir. Fræðsla um stöðu stelpna og stráka í skólum gæti þar komið að gagni.
- Æskilegt er að hafa agastefnu til þess að samræma viðbrögð starfsfólks við óæskilegri hegðun barna og koma í veg fyrir óæskilega hegðun.
- Æskilegt er að skerpa þann hagsmunavettvang foreldra, sem foreldraráð leikskólans er. Æskilegt er að foreldraráðið fundi reglulega, setji sér starfsreglur og sé sá eftirlitsaðili sem því ber að vera.

14.3. Minniháttar ábendingar

Úttektaraðilar vilja að auki benda skólanum á eftirfarandi atriði sem skólinn getur hæglega gætt að án mikils tilkostnaðar eða mikillar aðkomu sveitarfélags:

- Skólinn mætti standa fyrir rýmingaræfingum með börnunum þar sem áhersla er lögð á að hver hópur eða deild eigi sér ákveðinn samkomustað í garðinum ef yfirgefa þarf húsið skyndilega.

- Gæta þarf að því að fylgjast sérstaklega með svæðum í garðinum sem eru úr augsýn kennara á útileiktíma og einnig þarf að gæta að því að stéttir séu vel sópaðar og hreinsaðar af mól sem vill leita upp á þær.
- Þá miðstöðvarofna sem óvarðir eru á deildum svo og á kubbasvæði barna sem tengist Ási mætti verja með viðeigandi hlífum, þar sem brúnir þeirra eru oddhvassar.
- Ryð og sprungur í sætum á rólum á útileiksvæði yngstu barnanna þarf að laga og mála ómálaða staura á leiksvæðinu.
- Setja mætti upp skilrúm á milli salerna á yngstu deildinni, Vík, í virðingarskyni við einkalíf barnanna.
- Fundargerðir foreldraráðs mætti birta á heimasíðu leikskólans.

Lokaorð

Úttektaraðilar þakka samstarf við Leikskólann í Stykkishólmi við gerð þessarar skýrslu, einkum stjórnendum skólans þeim Sigrúnu Þórsteinsdóttur og Elísabetu Láru Björgvinsdóttur. Einnig ber að þakka þeim foreldrum leikskólabarna sem að vinnslu þessarar úttektar komu, fulltrúum Stykkishólmsbæjar að ógleymdum leikskólabörnunum sjálfum sem tóku úttektaraðilum af gestrisni og vinsemd.

Heimildaskrá

Til eftirfarandi gagna er vísað í skýrslunni:

- Áætlun um símenntun starfsmanna skólaárið 2011-2012.
- Áætlun Leikskólans í Stykkishólmi um innra mat, haust 2011 – 2013.
- Desember skýrsla Leikskólans í Stykkishólmi til Hagstofu Íslands 2010.
- Foreldrahandbók Leikskólans í Stykkishólmi.
- Hagstofa Íslands, talnaefni frá 2010.
- Handbók fyrir leikskólaeldhús. Lýðheilsustöð 2009.
- Handbók um rekstrarskoðun leiksvæða frá Umhverfisstofnun 2006.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008
- Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009.
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009
- Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. www.samband.is
- Samstarfsáætlun skólanna í Stykkishólmi 2011-2012.
- Skóladagatal Leikskólans í Stykkishólmi 2011-2012.
- Skólanámskrá Leikskólans í Stykkishólmi, 1.útgáfa, mars 2008.
- Skólastefna Stykkishólms, 2010.
- Öryggisvísir Umhverfisstofnunnar 2004.
- www.stykkisholmur.is/leikskolinn (Sótt í nóvember 2011).
- www.stykk.is/leikskoli (Sótt í nóvember 2011).